

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Njarðvíkur nr. 711/1983.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Njarðvíkur nr. 711/1983 skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því, að Hafnarvegur flyst í núverandi legu, vestan lóðar aðveitustöðvar Hitaveitu Suðurnesja, en lóð aðveitustöðvarinnar stækkar.

Umhverfissráðuneytið, 24. júní 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Nr. 307

26. júní 1991

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss nr. 432/1988.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss nr. 432/1988 skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því, að landnotkun á vesturbakka Ölfusár er breytt að hluta þannig að í stað útivistar- og skógræktarsvæðis kemur íbúðar- og skógræktarsvæði.

Umhverfissráðuneytið, 26. júní 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Nr. 308

26. júní 1991

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 nr. 432/1988.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007, nr. 432/1988.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fölginn í því, að notkun lóðarinnar nr. 24 við Austurveg er breytt í lóð fyrir opinbera þjónustu í stað þess, að notkun var áður ákveðin: blönduð landnotkun, opinber þjónusta, verslun/skrifstofur og íbúðir.

Umhverfissráðuneytið, 26. júní 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.